


FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

Að vera læs á landslag
Hvernig skoða á heiminn
Margir lesa National Geographic hér á landi
Ný kennslubók í hagrænni landafræði fyrir framhaldsskóla



Samtök landfræðikennara í Evrópu
Sagan endurtekur sig
Tvær norrænar ráðstefnur hér á landi í sumar
Nýr kortaflokkur frá Landmælingum Íslands

Fréttabréf Landfræðifélagsins, 6. árg., 2. tbl. Mars 1991.
Umsjón: Óttar Ólafsson (ábm.).

Fjölföldun: Stensill h.f.

AÐ VERA LÆS Á LANDSLAG

- loksins íslenskt staðfræðiorðasafn í sjónmáli

Á Landmælingum Íslands hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að því að taka saman orðasafn í staðfræði. Var það gert samkvæmt ósk Ágústs Guðmundssonar forstjóra stofnunarinnar og á að vera hluti af nýjum íslenskum kortastaðli. Tilgangur orðasafnsins er að safna saman á einn stað skilgreiningum á nöfnum þeirra fyrirbæra sem fjallað er um í landgreiningu og kortagerð. Safnið einskorðast við þau fyrirbæri sem er að finna á yfirborði jarðar en talsvert af jarðfræðiheiti er samt í því. Er það óhjákvæmilegt þar sem sum staðfræðiheiti eru jafnframt jarðfræðiheiti. Hugtök er snerta tæknilega hlið fjarkönnunar og kortagerðar eru ekki í safninu.

Upphaflega vann Kristmundur Hannesson hjá Landmælingum Íslands að söfnun hugtakanna en síðar bættist Gunnhildur Skaftadóttir við. Ýmsir fleiri hafa komið við sögu orðasafnsins og má þar m.a. nefna Ána Bøðvarsson málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins, Freysteinn Sigurðsson jarðfræðing á Orkustofnun, Hauk Jóhannesson á Náttúrufræðistofnun Íslands, Theodór Theodórsson á Landsvirkjun, Þorleif Einarsson prófessor við Háskóla Íslands og Þórhall Vilmundarson á Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins. Margar ritaðar heimildir hafa einnig verið notaðar við samantektina og ber þar einkum að nefna *Orðabók Menningarsjóðs*, *Orðabók Sigfúsar Blöndals* og upplýsingar frá orðanefnd byggingaverkfræðinga og Skipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir að mikla vinnu sé búið að leggja í orðasafnið er það ekki komið í endanlega mynd. Það hefur því ekki ennþá komið út. Verið er að kanna útgáfumálin á vegum Landmælinga Íslands. Er hugsanlegt að safnið verði gefið út í samvinnu við Íslenska málstöð og yrði það þá hluti af ritstöð stofnunarinnar.

Mikill fengur verður að orðasafninu fyrir alla þá sem unna náttúru og útilífi auk þeirra sem fjalla um umhverfið í rituðu máli eða með öðrum hætti. Er það mikilvægt skref í þá veru að fá á einn stað öll þau hugtök sem notuð eru í landfræði. Slík söfn hafa lengi verið til erlendis og má þar m.a. nefna *Glossary of Geographical Terms* sem út kom í Bretlandi 1961. Eins og flestum mun kunnugt gaf Guðrún Ólafsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, út orðasafn í mannvistarlandfræði og lýðfræði fyrir nokkrum árum. Með þessari síðustu viðbót ætti því að vera kominn nokkur góður listi yfir hugtök

bæði í náttúru- og mannvistarlandafræði. Nú ættu allir að geta fundið orð við hæfi til að lýsa því sem fyrir augu ber. Að lokum; vitið þið hvað kvenkynsorðið **hrjóna** stendur fyrir! Jú, það merkir ójafna, hnjótur; þúfa, totti. Fleirtölumyndin **hrjónur** eru há, gróðurlaus fjöll eða hæðir (á fjallgarði).

flæður, -ar, -ar (ÞF og ÞGF flæði) KV 1 flatt og blautt mýrlendi ofan við sjávarkamba. 2 (staðb.) flæði, flóð: háflæður háflóð. 3 land sem þrífaldlega og reglulega flæðir yfir: jökulflæður, þar sem jökulvötn renna um í vexti [FS].

flæja, -u, -ur KV (staðb.) mýrarfen, kelda.

flæmi, -is H stórt landsvæði, víðátta.

flös, flasar, flasir KV lágt, flatt sker, flæðitangi.

flösur KV FT grasgeirar.

flöt, flatar, flatir KV lítil slétta (venjulega gróin).

flötur, flatar, fletir (ÞGF fleti) K flöt, grund; sléttur, flatur blettur, flatt svæ stórt eða lítið.

fok, -s H 1 það að vindur feykir til jarðefnum [Ob]. 2 löður, það sem fýkur.

fokefni H jarðvegsefni sem fýkur.

fokjörð KV jarðvegur sem fýkur.

fokmold KV mold úr aðfoknum ólífrænum efnum, venjulegur íslenskur þurrlandisjarðvegur.

foksandur (ÞGF -sandi) K sandur sem hefur borist með vindi.

fold, -ar, -ir KV 1 jörð, frón, land. 2 mosalág; harðvelli, gróðurlitir ásar.

for, -ar, -ir KV 1 djúp sem liggur upp að fiskimiðum; áll í vatnsfalli, áll í forarmýri. 2 bleyta, aur, leðja. 3 FT forir (staðb.) úrvals slægjuland [FS].

forað, -s, foruð, foröð H torfæra, fen.

forargleypa KV leðju- eða forardý (í mýri), leirbleyta eða hvarf í vegi.

forarkelda K forargleypa.

forarvilpa KV forargleypa.

FLYTJA FÉLAGAR Í LANDFRÆÐIFÉLAGINU OFTAR EN AÐRIR?

Á hverju ári fær Landfræðifélagið endursendan álitlegan búnka af giróseðlum og fréttabréfum. Til að koma í veg fyrir óþarfa umstang og misskilning er mikilvægt að félagar tilkynni aðsetursskipti hið fyrsta til gjaldkera félagsins eða annarra stjórnarmeðlima.

HVERNIG SKOÐA Á HEIMINN

Sjónarhorn landfræðinga

Bandaríska landfræðifélagið, The National Geographic Society, hefur nokkur undanfarin ár gengist fyrir átaki til eflingar landfræðikennslu í bandarískum skólum. Ýmislegt hefur verið gert til að vekja áhuga almennings og stjórnvalda á greininni. Landfræðifélagið hefur m.a. haft forgöngu um að stofna sérstaka baráttuhópa um aukna landfræðikennslu í flestum fylkjum Bandaríkjanna (Geography Alliance Groups) og staðið fyrir árlegri landfræðiviku innan skólakerfisins (Geography Awareness Week). Í tengslum við átakið hefur einnig farið fram keppni á meðal bandarískra skólanema í landfræði þar sem vegleg verðlaun eru í boði. Átakið er að stórum hluta kostað með styrkjum frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Eitt af því sem Bandaríska landfræðifélagið lét gera var lítill blöðungur þar sem talin eru upp þau atriði sem eru sérstæð fyrir landfræði sem fræðigrein. Yfirskrift blöðungsins er "*A Framework for Studying the World*". Nokkur lykilhugtök koma við sögu og eru þau á ensku: "Location, Place, Human/Environment Interactions, Movement, Regions". Mætti þýða þau á eftirfarandi hátt:
Staðsetning; staður; maður og umhverfi; samgöngur; svæði. Síðan er í blöðungnum fjallað nánar um þessi hugtök og merkingu þeirra. Verður hér gerð tilraun til að yfirfæra þau á íslenskar aðstæður.

STAÐSETNING: Hvar er staðurinn?

Spurningin um "staðsetningu" er ágæt byrjun. Hvar er staðurinn sem um er að ræða á jörðinni? Fljótsdalshérað er á austanverðu Íslandi og liggur til suðvesturs upp af Héraðsflóa. Skiptist það í tvennt og kallast ytri hlutinn Út-Hérað en sá innri Upp-Hérað. Lengd og breidd hjálpa til við að staðsetja staði nánar á yfirborði jarðar. Egilsstaðir, stærsti þéttbýlisstaður á Fljótsdalshéraði, hefur staðsetninguna 65° 15,7" n.br. og 14° 25" v.l. Út frá fullnaðarstaðsetningu Egilsstaða ætti að vera auðvelt að finna staðinn á korti eða hnattlíkani.

STAÐUR: Hvernig er þar? Á sama hátt og einstaklingar eru ólíkir hver öðrum hefur hver staður sín séreinkenni. Spurningin um "staðinn" beinir sjónum okkar að náttúruvari og lífsháttum (menningu). Á Út-Héraði liggja víða klettaásar og er

mýrlent á milli þeirra. Á Upp-Héraði taka við jökulmyndaðir dalir er ná langt inn á hálendið. Stór vatnsföll falla um Fljótsdalshérað og er Lagarfljót þeirra mest. Lífshættir á Fljótsdalshéraði eru í stórum dráttum ekki frábrugðnir því sem annars staðar gerist í landinu. Héraðið er dæmigert landbúnaðar- og þjónustusvæði. Það sem einkum gerir það frábrugðið öðrum landshlutum eru nýting skóglendis og hreindýra. Einnig má segja að fólk í afskekktum byggðum haldi betur hópinn en fólk í þéttbýlinu á suðvesturhorni landsins. Gott dæmi um þetta eru íbúar á Jökuldal.

MAÐUR OG UMHVERFI: Mótun

umhverfisins. Spurningin um það hvernig fólk breytir umhverfi sínu er mjög mikilvæg í landafræði. Mikið skóglendi var fyrrum á Fljótsdalshéraði en eyddist stórum vegna ágangs búfjár og manns og versnandi veðurfars. Trjáræktarstöð var stofnuð á Hallormsstað 1903 og skógurinn friðaður 1905. Þar er nú víðáttumesta skóglendi landsins. Til stendur að rækta stóra nytjaskóga á Upp-Héraði á næstu áratugum. Er gert ráð fyrir að bændur hafi stóran hluta tekna sinna af skógrækt í framtíðinni.

SAMGÖNGUR: Samskipti milli

fólks og staða. Um Egilsstaði liggur hringvegurinn og á fjöldi ferðamanna leið um hann á hverju sumri. Á veturna er hins vegar mun erfiðara með samgöngur á landi og fara þá flestir til fjarlægari staða með flugi frá Egilsstöðum. Ekki er langt síðan Egilsstaðaflugvöllur var stækkaður til muna og til greina kemur að gera hann að varaflugvelli fyrir millilandaflug. Í héraðinu er sjálfvirkur sími á hverju heimili og er það nauðsynlegt ef slys eða óhapp ber að höndum.


SVÆÐI: Smækkuð mynd af

veröldinni. Spurningin um svæðaskiptingu hjálpar við að koma skipulagi á þekkingu um land og fólk. Þegar hefur verið lýst tvenns konar náttúrufarslegum svæðum á Fljótsdalshéraði; annars vegar Út-Héraði þar sem skiptast á klettaásar og mýrlendi og Upp-Héraði með sína löngu jökulgröfnu dali. Á sama hátt má aðgreina það svæði sem Egilsstaðabær þjónar á Austurlandi sem miðstöð samgangna, menningu og stjórnsýslu. Egilsstaðabær er ekki nema um 45 árn gamall og hefur hann vaxið hratt og er nú einn fjölmennasti þéttbýlisstaður á Austurlandi.

Margir lesa *NATIONAL GEOGRAPHIC* hér á landi

Í októberhefti *National Geographic* árið 1988 birtist kort sem sýnir útbreiðslu þess í heiminum. Áskrifendur voru í 164 löndum, samtals yfir 10.5 milljónir. Flestir voru áskrifendurnir í Bandaríkjunum eða tæplega 8,5 milljónir en hér á landi eru þeir á bilinu 1.000-5.000. Ekki er ósennilegt að talan hér á landi sé við lægri endann þótt ekki verði það fullryt. Það kemur nokkuð á óvart hversu margir kaupa þetta viðlesna tímarit hérlendis að staðaldri og ber það vott um mikinn áhuga á fjærlægum löndum og þjóðum.

Fyrir utan *National Geographic* gefur Bandaríska landfræðifélagið út nokkur önnur tímarit. Þau eru einkum ætluð kennurum og nemendum. Ber þar fyrst að nefna *National Geographic WORLD* sem er einkum ætlað yngri nemendum grunnskólans. Er það gefið út mánaðarlega og fjallar um náttúrufræði og raungreinar. Áskrift kostar um 11\$ á ári. Í öðru lagi má nefna tímaritið *National Geographic Research* sem er einkum ætlað raungreinakennurum og kostar um 50\$ á ári. Í þriðja lagi er *National Geographic Traveler* sem einkum fjallar um ferðalög innan Bandaríkjanna og Kanada og kemur út annan hvern mánuð. Ársáskrift að því kostar um 18\$. Auk tímaritanna gefur Bandaríska landfræðifélagið út mikið af kortum, bókum, myndbandsefni o.fl. Umboðsmenn í Evrópu eru *Kentaway Ltd., P.O. Box 7, Newton Abbot, Devon TQ12 1QU, ENGLAND.*



Við leitum að nýjum félögum

Félagsmenn Landfræðifélagsins eru nú um 110-120 og hafa verið það í nokkur ár. Ef aðeins er borið saman við alla þá sem eru áskrifendur að National Geographic hér á landi (1000-5000) er þessi fjöldi lítil. Einnig hafa allnokkuð fleiri útskrifast með landafræðimenntun frá Háskóla Íslands. Það gefur auga leið að lítið er hægt að gera í svo fámennu félagi. Því er æskilegt að reyna að fjölga félagsmönnum. Þeirri áskorun er beint til félaga í Landfræðifélaginu að þeir hvetji alla áhugamenn um landfræði til að ganga í félagið. Fréttabréfinu fylgir inntökubeiðni sem ljósrita má eftir þörfum. Einnig má koma beiðnum um inntöku til formanns félagsins, Óttar Ólafssonar, í síma 18438 (eftir kl. 5) og Einars Egilssonar gjaldkera í síma 40763.

Fleiri þurfa að láta í sér heyra

Samskipti innan félagsins eiga sér fyrst og fremst stað í gegnum fréttabréfið. Ef efla á félagið er nauðsynlegt að félagsmenn taki sér penna í hönd og sendi fréttapréfinu pistla. Það gengur ekki til lengdar að einstakir stjórnarmeðlimir sjái alfarið um að halda því úti. Látið í ykkur heyra sem fyrst.

Kortaflokkur C 761 frá Landmælingum Íslands.


Staðfræðikort í mælikvarða 1:50.000 eru gefin út í samvinnu Landmælinga Íslands og Kortagerðarstofnunar Bandaríska Varnarmálaráðuneytisins. Árið 1977 komu út fyrstu kortin í þessum nýja flokk, tíu blöð af svæðinu frá Reykjanestá austur fyrir Selfoss. Árið 1988 var hafist handa við að kortleggja landið að fullu, en frá upphafi var ljóst að það verk tæki mörg ár. Þegar hafa verið gefin út 85 kortblöð af þeim 202 sem þekja munu landið allt. Fljótlega eru væntanleg 17 kortblöð, en þá mun lokið kortaútgáfu af miðbiki landsins, frá norðri til suðurs, auk suðvestur hornsins. Þá 100 kortblöð sem þá eru eftir, og þekja munu austur og vestur hluta landsins, verða gefin út á næstu árum.

Staðfræðikort í mælikvarða 1:50.000 veita nákvæma mynd af landinu (1cm á korti = 500m á landi) og eru innámerkingar á þeim mjög góðar. Allir vegir, öll örnefni og mannvirki eru merkt inná kortin, svo og skurðir og raflínur. Hvert kortblað þekur 630 ferkílómetra lands. Verð Staðfræðikorta kjá Kortasölu er kr 469. Þessi kort er einnig hægt að fá í skrift og geta menn gerst áskrifendur af öllu landinu eða einstökum hlutum þess. Áskrift tryggir 25% afslátt frá ofangreindu mäsöluverði. (Landakort: Fréttabréf kortasölu Landmælinga Íslands).

TOPOGRAPHICAL MAPS SERIES C 761
1:50 000



STADFRÆÐIKORT FLOKKUR C 761
1:50 000



0 20 100 Km

Ný kennslubók í hagrænni landafræði fyrir framhaldsskóla

Þau gleðitíðindi spurðust af Norðurlandi í desember á síðasta ári að út væri komin kennslubók í hagrænni landafræði fyrir framhaldsskóla. Höfundur er Bernharð Haraldsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri. Frumgerð bókarinnar var samin í Kaupmannahöfn skólaárið 1988-89 og haustið 1990. Er hún að mestu leiti frumsamin. Lengd bókarinnar er 160 bls. og eru í henni nokkur kort, tölflur og verkefni. Bókin hefur lítillega verið kennd á viðskiptasviði Verkmenntaskólans. Aðalviðfangsefni bókarinnar er hin alþjóðlega verkaskipting en einnig er komið inn á þriðja heiminn. Í bókinni eru 14 kaflar:

- 1) Stíklur.
- 2) Þáttur orku í efnahagsþróun V-Evrópu eftir 1945.
- 3) Fjölpjóðafyrirtæki.
- 4) Fríðnaðarsvæði.
- 5) Vefjariðnaður og fatagerð.
- 6) Hin alþjóðlega verkaskipting.
- 7) Verkaskiptingin í V-Evrópu.
- 8) Hinn alþjóðlegi bifreiðaiðnaður.
- 9) Hlutur Bandaríkjanna og Japans í hinni alþjóðlegu verkaskiptingu.
- 10) Unilever - dæmi um fjölpjóðafyrirtæki.
- 11) Þriðji heimurinn.
- 12) Íbúáþróunin í þriðja heiminum.
- 13) Orkan í þriðja heiminum.
- 14) OPEC.

Höfundur gefur bókina sjálfur út. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér hana eða fá til kennslu eru beðnir um að hafa samband við Bernharð.

Ódýrari kort í áskrift.

Kortasala Landmælinga Íslands hóf að selja áskrift að kortum um mitt ár 1990. Þannig er tryggt að viðkomandi fá jafnóðum þau kort sem koma út í þeim kortaflokki sem hann er áskrifandi að. Þannig fylgist hann betur með útgáfunni, getur dreift kaupunum á lengri tíma og fær 25% afslátt í ofanilag. Fjölmargir hafa þegar gerst áskrifendur að sögn starfsmanna kortasölnunnar og er nýji kortaflokkurinn í mælikvarða 1:50.000 vinsælastur.

Samtök landfræðikennara í Evrópu

Víða í löndum Evrópu eru til samtök kennara í landfræði. Flest þeirra eru lítil og hafa takmörkuð umsvif. Í stærstu löndunum eru hins vegar allfjöldmenn samtök sem stunda nokkra útgáfu- og fræðslustarfsemi. Ber þar helst að nefna **The Geographical Association** í Bretlandi sem hefur um 7000 félagsmenn um allan heim. Samtökin gefa m.a. út þrjú tímarit; 1) *Geography* sem fjallar almennt um landfræði (ársáskrift 27£); 2) *Teaching Geography* sem einkum snýst um landfræðikennslu í framhaldsskólum (áskrift 27,05£) og; 3) *Primary Geographer* sem einskorðar sig við landfræðikennslu á lægri skólastigunum (ársáskrift 7,50£). Af bókum sem The Geographical Association gefa út má nefna: *Handbook for Geography Teachers* (1986), *Starting to Teach Geography* (1987), *Geography Schools and industry* (1985), *Geography Beyond A-level* (1985), *Geography in the National Curriculum* (1989) og *Geography through Topics in Primary and Middle Schools* (1989). Þeir kennarar hér á landi sem áhuga hafa á landafræðikennslu í hinum enskumælandi heimi ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Ef við lítum okkur nær þá gefa samtök landfræðikennara í Danmörku og Svíþjóð út tímarit. Í Danmörku gefur Foreningen af Geografilærere ved de Gymnasiale Uddannelser út *Geografisk Orientering* og í Svíþjóð gefa sambærileg samtök út tímaritið *Geografiska Notiser*. Er a.m.k. hið síðarnefnda keypt af bókasafni Kennaraháskóla Íslands. Ef kennarar hafa áhuga á að kynna sér starfsemi landfræðikennara í einstökum löndum Evrópu eru hér talin upp heimilisföng þeirra helstu:

- Danmörk:** Foreningen af Geografilærere ved de Gymnasiale Uddannelser,
Porsevænget 18,
2800 Lyngby.
- Svíþjóð:** Association of Teachers in Geography,
Malma Ringvåg 18 c,
75245 Uppsala.
- Finnland:** Association of Biology and Geography Teachers of Finland,
Rautatielläisenkatu 6,
00520 Helsinki.
- England:** The Geographical Association,
343 Fulwood Road,
Sheffield S10 3BP.
- Skotland:** Scottish Association of Geography Teachers,
Geogr. Dept., Jordanhill Coll. of Education,
Glasgow G13 1PP.
- Pýskaland:** Verband Deutcher Schulgeographen,
Andreezeile 26 B,
1000 Berlin 37.
- Frakkland:** Association des professeurs d'Historie et de Géographie,
B.P. 49,
75060 Paris Cedex 02.
- Holland:** Koninklijk Nederlands aardrijkskundig Genootschap,
Weteringschans 12,
1017 SG Amsterdam.
- Belgía:** Fédération des Professeurs de Géographie,
Avenue du Duc Jean 46,
1080 Bruxelles.

Sagan endurtekur sig

Bræðingur landfræði og annarra greina í skólum landsins virðist ekki vera nýr af nálinni. Þannig segir Björn Th. Björnsson frá því í bók sinni *Sandgreifarnir* (Mál og menning 1990) þegar búa átti til "eitthvað sem hét Áthagafræði.". Mun það hafa verið skömmu fyrir upphaf Seinni heimsstyrjaldar eða á fjórða áratug þessarar aldar. Eins og menn vita er Björn alinn upp í Vestmannaeyjum.

"Veturinn áður hafði það allt í einu dottið niður yfir okkur að hætt var að kenna landafræði og náttúrufræði. Það var út af einhverjum kalli fyrir sunnan sem hafði fundið upp eitthvað sem hét Áthagafræði. Við vorum látin kaupa möppur í Vöruhúsinu með þykkum gráum pappír og gylltu jární í kilinum, og í þær áttum við að búa til þessa nýju Áthagafræði að sunnan.

*- Búði nú til eyju. Eyja er land með vatni í kringum; eins og við vissum það nú ekki. - Þegar þið eruð búin að búa til eyjuna, þá er rétt að setja á hana blessuð húsdýrin okkar, kýrina.. kúina.. ég meina beljur. Þær bita gras og eru spendýr af því þær eru með spena." (Björn Th. Björnsson: *Sandgreifarnir*, bls. 85. Rvík. 1990)*

TVÆR NORRÆNAR RÁÐSTEFNUR HÉR Á LANDI Í SUMAR

Námsstefna norrænna landfræðikennara
29. júlí til 10. ágúst.

Í sumar er ráðgert að halda hér á landi námsstefnu norrænna kennara um Ísland. Námsstefnan er haldin að frumkvæði landfræðinefndar norrænu félaganna en Kennaraháskóli Íslands annast undirbúning og stjórn hennar. Ráðgert er að námsstefnan hefjist 29. júlí með fyrirlestrum í Norræna húsinu, en síðan verður farið út á land til að skoða hið athyglisverðasta

sem séð verður á einni viku. Farin verður Landmannaleið austur til Kirkjubæjarklausturs og allt að Jökullóni, en síðan haldið sunnan jökla til uppsveita Árnessýslu og um Kaldadal í Borgarfjörð.

Í vikunni þar á eftir er þátttakendum gefinn kostur á ferð norður í land, um Sprengisand til Mývatnssveitar og Ásbyrgis, en síðan vestur um til Snæfellsness og aftur til Reykjavíkur. Þótt athygli verði einkum beint að landslagi og landmótun verður einnig hugað að lífríki, atvinnuháttum og söguslóðum og er ferðin skipulögð með allt þetta í huga. Þá er gert ráð fyrir að ferðin verði vettvangur persónulegra kynna og samræðna um sameiginleg áhugamál.

Landfræðinefnd norrænu félaganna hefur um langt árabíl beitt sér fyrir námsstefnum til skiptis í löndunum og hafa nokkrir Íslendingar tekið þátt í þeim. Námsstefna hefur ekki verið haldin á Íslandi fyrr.

Landfræðinefndin er nú orðið óformleg og að einhverju leyti sjálfskipuð. Meðal annarra verkefna hennar má nefna samráð um samningu kennslubóka og yfirlestur þeirra, hliðstætt þeirri endurskoðun sem gerð var á kennslubókum landanna í sögu á sínum tíma.

Af hálfu Kennaraháskólans hefur Árni G. Stefánsson unnið að undirbúningi námsstefnunnar, og gefur hann nánari upplýsingar, en Ferðaskrifstofan Saga tekur við þöntunum. Hinum erlendu gestum þætti fengur að því að hitta íslenska starfsfélaga. Námsstefnan er opin öllum kennurum, en gistirými takmarkar hversu margir komast með og reynt verður að tryggja að þátttakendur verði frá öllum löndunum.

Miljö 91: Norræn ráðstefna um umhverfismenntun í Reykjavík 12.-14. júní næstkomandi

Í júní í sumar verður haldin hér á landi norræn ráðstefna um umhverfismenntun, Miljö 91. Slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar annað hvert ár á Norðurlöndum, sú fyrsta í Stokkhólmi 1983. 1989 var miljöráðstefna í Kaupmannahöfn og þá var ákveðið að sú næsta skyldi haldin í Reykjavík 1991. Gert er ráð fyrir að þátttakendur verði um 800, þar af 500 erlendir. Undirbúningur ráðstefnunar hefur staðið á annað ár, en samstarfsnefnd fjögurra ráðuneyta hefur borið hitann og þungann af því starfi.

Aðalmarkmið ráðstefnunnar er að efla umhverfismenntun á Norðurlöndum, einkum á Íslandi, þannig að við skynjum að við erum gestir jarðar, nýtum umhverfi okkar og auðlindir jarðar á skynsamlegan hátt, lærum að njóta óspilltrar náttúru og að varðveita hana fyrir komandi kynslóðir. Ráðstefnan snýst fyrst og fremst um

umhverfismenntun, en jafnframt verður reynt að varpa ljósi á helstu umhverfismál samtímans. Í tengslum við ráðstefnuna verður sýning á ýmsu sem tengist umhverfismenntun opin öllum, ekki síst foreldrum og börnum.

Að kvöldi 11. júní verður móttaka í boði borgarstjóra Reykjavíkur í Sundlaugunum í Laugardal. Sjálf ráðstefnan verður svo sett í Háskólabíói miðvikudaginn 12. júní kl 9. Mestan hluta ráðstefnutímans skipar fólk sér í 12 þemahópa og er hver þátttakandi í sama hópi allan tímann. Fundirnir verða í húsakynnum Hagaskóla, Melaskóla, Háskóla Íslands og Norræna hússins, en auk þess er gert ráð fyrir vettvangsferðum í hópstarfinu. Ráðstefnunni lýkur svo með hófi að Hótel Íslandi að kvöldi föstudags 14. júní.

Þemu sem fjallað verður um í hópum eru eftirfarandi: Lofthjúpur jarðar og verndun hans; Hafið, verndun þess og nýting; Ferskt vatn, nýting þess og verndun; Náttúra, manngert umhverfi og landnýting í strjálbýli; Manngert umhverfi, náttúra og skipulag í þéttbýli; Orkulindir, orkuvinnsla og umhverfisáhrif; Umhverfi og heimilishald í nútíma þjóðfélagi; Útivist, ferðamál og umhverfismennt; Útikennsla - umhverfisfræðsla; Umhverfismennt í list- og verkgreinum; Börnin, vinnan og umhverfið og loks Tölvusamskipti og umhverfismennt. Ljóst er af þessari upptalningu að hér er á ferðinni umfangsmikil og athyglisverð ráðstefna.

Ráðstefnugjald er 9000 krónur. Innifalið í því er dagskrá ráðstefnunnar, sýningin, ýmislegt prentað og fjölritað efni og merki. Einnig er innifalið hádegissnarl og lokahófið að Hótel Íslandi. Þátttökutilkynningu og ráðstefnugjald þarf að senda fyrir 20. mars til fyrirtækisins Ráðstefnur og fundir hf., Hamraborg 1-3, 200 Kópavogur.

Upplýsingar um stjórn

Óttar Ólafsson, formaður, Skaftahlíð 10, 105 Reykjavík.

Heimasími 18438 / vinnusími 84022

Tryggvi Jakobsson, varaformaður, Melhagi 11, 107 Reykjavík.

Heimasími 84004/ vinnusími 28088

Ingibjörg Jónsdóttir, ritari, Ártúnsblettur, 110 Reykjavík.

Heimasími 33493 / vinnusími 27110

Einar Egilsson, gjaldkeri, Auðbrekka 2, 200 Kópavogur.

Heimasími 40763 / vinnusími 15800

Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi, Ásvallagata 13, 101 Reykjavík.

Heimasími 26269 / vinnusími 694800

Sigríður Haraldsdóttir, meðstjórnandi, Arnargata 4, 108 Reykjavík.

Heimasími 11558 / vinnusími 27555

Rannveig Ólafsdóttir, meðstjórnandi, Næfurás 17, Reykjavík.

Heimasími 673074 / vinnusími 27110

Klippib hér

INNTÖKUBEIÐNI Í LANDFRÆÐIFÉLAGIÐ

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Heimasími: _____ Vinnusími: _____

Staður
fyrir
frímerki

LANDFRÆDIFÉLAGIÐ
Pósthólf 1641
121 Reykjavík